# Leiðbeiningar fyrir áskrift í Parka appinu

Svona tryggir þú þér áskrift að langtímastæðum (H2) í gegnum Parka-appið

1. Opnaðu Parka-appið í símanum þínum.

2. Það eru tvær leiðir að skráningu að áskrift:

   a) Veldu **Reykjavík – Ofanjarðar** og skrunaðu til vinstri þar til þú finnur **Háskóli Íslands – Svæði 1071** (fimmti möguleikinn).




   b) Eða veldu **Stillingar** efst í hægra horninu og þar getur þú valið að skrá þig í áskrift.

3. Ýttu á **Gerast áskrifandi** til að hefja skráningu. (Ef áskriftaleið birtist ekki, þarf að uppfæra Parka appið).




4. Kerfið biður þig um að auðkenna þig sem starfsmann eða nemanda HÍ. Ýttu á **Fara í Uglu** og sláðu inn HÍ-netfangið þitt.



5. Hakaðu við **Já** í flipanum „Gefur þú leyfi fyrir því að Parka geti fengið staðfestingu á virku námi eða starfi þínu við háskólann?“.

*Athugið að aðrir stillingarvalmöguleikar koma upp. Neðst á síðunni skal ýta á **Vista***




*Athugið að einnig er hægt að velja þessa stillingu með því að skrá sig inn á Uglu og velja **Uglan mín** → **Stillingar** → **Aðgangsstillingar**.*

6. Opnaðu Parka appið aftur. Nú þarft þú að setja inn HÍ-netfangið þitt.



7. Þú færð staðfestingarpóst á HÍ-netfangið þitt. Smelltu á staðfestingartengilinn í póstinum til að ljúka auðkenningu.







| |
|---|
| Ef í þessu skrefi kemur upp villumelding þarftu að **<u>loka Parka appinu</u>** og **<u>opna það aftur</u>**.<br><br>Við að opna appið aftur þarftu að velja **Reykjavík – ofanjarðar**, **Háskóli Íslands** og **ýta aftur á <u>skrá í áskrift</u>**.<br><br>Þá ætti Parka appið að koma þér á lið 8. |

8. Opnaðu **aftur** Parka appið. Ef skráning er samþykkt birtist listi yfir áskriftarvalkosti (í þessu tilfelli aðeins einn).
   Veldur **Bæta við nýrri** og veldu áskriftina.







*Athugið! Ef Parka appið er lengi að hlaðast er best að ýta á **Fara til baka** eða opna Parka appið, en þá þarf að velja ný **Reykjavík – ofanjarðar**, **Háskóli Íslands** og **ýta aftur á** <u>**skrá í áskrift**.</u> Þá birtist HÍ áskriftin eins og er sýnd hér að ofan.*

9. Fylltu inn greiðsluupplýsingar og bílnúmer ef þú ert nýr notandi Parka.
   Ef þú hefur nú þegar fyllt inn allar upplýsingar, ýttu á **Greiða.**







10. Þegar áskriftin er virk mun aðalskjárinn sýna skilaboð sem merkja að bílnúmeralesning sé virk á bílastæðum Háskóla Íslands.




**Athugið að áskrift endurnýjast sjálfkrafa mánaðarlega frá skráningardegi.**